

Nd.

523. Tillaga til þingsályktunar

[257. mál]

um athugun á hámarksarðsemismöguleikum þorskveiða.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Gunnar Már Kristófersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma athugun á, hvernig fullnýta megi mikilvægustu þorskmið í íslenskri fiskveiðilögsögu með mestum af-
rakstri og minnstum tilkostnaði. Í því sambandi verði sérstaklega kannað hverjar séu arðsömustu veiði- og vinnsluaðferðir, þannig að séð verði hvernig og hvaðan æskilegast er frá hreinu arðsemisjónarmiði að tiltekin þorskmið séu nýtt, hvar arðvænlegast er fyrir þjóðarheildina að sá afli sé unninn, m. a. með tilliti til vinnslu-
möguleika, sem fyrir hendi eru, og hvaða verkunaraðferðir séu ákjósanlegastar frá sjónarmiði mestu mögulegrar verðmætasköpunar og með hliðsjón af ríkjandi markaðsaðstæðum erlendis.

Greinargerð.

Tilgangurinn með athugun þeirri, sem tillagan fjallar um, liggur í augum uppi og ætti ekki að þarfnast skýringa. Þar sem fiskimiðin við Ísland eru álitin tak-
mörkuð náttúruauðlind og setja þarf strangar veiðitakmarkanir á mikilvæga fiski-
stofna, svo sem þorsk, er fyllilega tímabært að hugað sé að því, með hvaða hætti nýta eigi slíka takmarkaða náttúruauðlind þannig að þjóðinni sé það fjárhagslega mest að gagni. Hvernig má ná bestum árangri? Hverjir geta náð honum? Hvar? Ætli menn að takmarka fiskveiðar og móta fiskveiðistefnu, sem hlýtur að hafa mikil áhrif á framtíð fiskveiða og fiskvinnslu í landinu, þá verða menn að vita svör við slíkum spurningum.

Flest náttúrugæði eru takmörkuð. Svo er um náttúrugæði eins og t. d. orku, hráefni til iðnaðar o. s. frv., o. s. frv. Um nýtingu slíkra takmarkaðra náttúrugæða er oftast stuðst við arðsemisjónarmið, m. a. þegar tekin er ákvörðun um hvernig þau skuli nýtt, hvar og af hverjum. Hvar má ná bestum árangri? Hvernig? Hverjir eru líklegastir til þess?

Til slíkra atriða var t. d. litið, þegar áburðarverksmiðja var reist í Gufunesi við Reykjavík, en ekki nær stærstu markaðssvæðum tilbúins áburðar. Einnig þegar sementsverksmiðja var reist á Akranesi, en ekki annars staðar, t. d. við Patreks-
fjörð eða Arnarfjörð, þar sem hráefni var til staðar. Líka þegar álver var reist við Hafnarfjörð, málmbræðsla í Hvalfirði o. s. frv. — staðarvalið var ákveðið m. a. vegna þess, að einmitt þar töldu menn líklegast að framkvæmdin yrði þjóðarheild-
inni að mestu gagni.

Mikilvægasta auðlind Íslendinga er fiskurinn í sjónum — fiskimiðin við strendur landsins. Skyldu ekki sömu hagkvæmnis- og arðsemisjónarmið eiga að gilda um þá auðlind og aðrar, m. a. um hvar, hverjir og hvernig nýta skuli? Og þá ekki síst þegar svo er orðið, að þessi takmörkuðu náttúrugæði eru talin ofnýtt svo draga þarf saman seglin að fyrirlagi stjórnvalda.

Flm. þessarar tillögu hafa ekki dregið í efa það arðsemis- og hagkvæmnis-
sjónarmið, sem liggur að baki staðarvali opinberra og hálfopinberra fyrirtækja til nýtingar á náttúruauðlindum, eins og að framan var getið. Þeir ætlast aðeins til þess, að sambærileg viðhorf séu höfð til hliðsjónar þegar valið er milli tak-
markaðra möguleika á nýtingu annarrar náttúruauðlindar, sem einnig er tak-
mörkuð, a. m. k. að umrædd viðhorf séu þekkt. Tilgangurinn með þáttill. þessari er að þekkingarinnar verði aflað — vitneskja fengin, sem ekki verður vefngd.